

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 413 30. maí 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Bessastaðahrepps nr. 428 14. ágúst 1980.

3. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 20,20 fyrir hvern rúm-metra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli á mánuði:

- |  |            |
|--|------------|
| a) fyrir mæla til og með $\frac{3}{4}$ " ..... | kr. 104,00 |
| b) fyrir mæla 1" og stærri .....               | kr. 232,00 |

5. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mæli-sálestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 98,80.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húsa: (utanmál) m <sup>3</sup>	Heimæðargjald.
--	----------------

Allt að 400 kr. 41 200,00

400—2 000 kr. 41 200,00 fyrir 400 m<sup>3</sup> + 32,60 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

Meira en 2 000 kr. 93 400,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> + 28,10 kr/m<sup>3</sup> þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 3 760,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskipta-manns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vanggreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 218,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Íðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

### **Hitaveitu Seltjarnarness.**

#### **I. KAFLI**

##### **1. gr.**

Hitaveita Seltjarnarness selur hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð á Seltjarnarnesi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Seltjarnarness staðfestri 7. september 1971.

##### **2. gr.**

Hitaveita Seltjarnarness lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætlað má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

##### **3. gr.**

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuðina, sem hús er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal biðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. des. ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

#### **II. KAFLI**

##### **4. gr.**

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjald, kr. 59,60 á mánuði fyrir hvern hemil.
- b. Vatnsgjald, kr. 250,00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils.

##### **5. gr.**

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til innheimtustofnunar, sem bæjarstjórn ákveður. Það eru vanskil ef gjöld eru ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga.